



Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 29. apríl 2010.

Fundur var haldin í Framkvæmdahóp um byggingu sundlaugar fimmtudaginn 29. apríl 2010, kl. 15:00 að Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum.
Ágúst Þór Bragason setti fundinn og stjórnaði honum.

Málefni:

1. Verkstaða ýmissa verkþátta.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Verkstaða ýmissa verkþátta:

- Farið yfir stöðu á undirbúningi vegna vatnsrennibrautar. Undirstöður verða steiptar í næstu viku. Gámar með rennibrautinni eru lagðir af stað til landsins.
- Verið er að ljúka flísalögn pottanna og vaðlaugarinnar.
- Farið yfir gögn frá VN vegna snjógilda fyrir loftræstikerfið í þreksal.
- Guðmundur sýndi sápuskammtara frá Rekstrarvörum fyrir sturtur og wc.

2. Önnur mál.

- Rætt um vinnu við lóðarfrágang. Samþykkt að nýta sem mest sumarfólk í vinnu við lóðina og athuga með að fá reyndan aðila til að hafa umsjón með verkinu. Stefnt er að malbikun í júní og að lóðarframkvæmdum sé lokið um mánaðarmótin júní/júlí.
- Lyftan er komin til landsins og verður sett upp á næstu dögum.
- Vinna við lagnir í kjallara hefur gengið hnökralaust fyrir sig.
- Klórframleiðslutækið er komið og er búið að koma því fyrir.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 16.15.

Valgarður Hilmarsson
Guðmundur Haraldsson
Stefán Árnason

Ágúst Þór Bragason